

**Nd.**

**716. Frumvarp til laga**

**[7. mál]**

um horfna menn.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

Samhljóða þskj. 7 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Kröfu um, að opinber stefna verði gefin út, er unnt að bera upp við héraðs-dómara, í Reykjavík borgardómara, þegar 3 ár eru liðin frá því, að síðast spurðist til hins horfna manns eða vitað var, að hann væri á lífi.

Nú þykir sýnt, að hinn horfni maður hafi ratað í lífsháska eða miklar líkur eru að öðru leyti á, að hann sé látinn, t. d. vegna þess að skip eða loftfar, sem hann hefir verið á eða í, hefir farist, og er frestur samkvæmt 1. málsg. þá 4 mánuðir.

Sóknaraðilar samkvæmt 1. málsg. geta verið maki hins horfna, niðjar hans, þ. á m. kjörniðjar, aðrir erfingjar og aðrir þeir, sem hafa lögmættra hagsmuna að gæta af því að fá dómsúrlausn um, að hinn horfna mann skuli telja látinn. Dóms-málaráðuneytið getur og haft uppi kröfu, þegar gæsla almannahags gerir þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla vandamanna.

12. gr. hljóðar svo:

Dómari kveður sóknaraðila og réttargæslumann hins horfna til dómþings þess, sem ákveðið er í hinni opinberu stefnu samkv. 11. gr. Skulu þar lögð fram stefna og frekari gögn, ef því er að skipta, og veita skal sóknaraðila og réttargæslumanni hins horfna kost á að reifa gögn og flytja mál með sama hætti og almennt er um einkamál í héraði.

Að svo búnu kveður dómari upp dóm í málinu, ef fallist er á að telja skuli hinn horfna mann látinn, en úrskurð, ef kröfu aðilja er hrundið.

Í dómi, sem kveður á um, að horfinn mann skuli telja látinn skal tekin afstaða til þess, frá hvaða tíma telja skuli andlát manns. Skal í því efni miða við síðasta dag í þeim mánuði, sem frestur rann út samkv. 6. gr. 1. málsg. eða þann dag, þegar sennilegast er, að andlát manns hafi borið að höndum, sbr. 6. gr. 2. málsg., eða síðasta dag þess mánaðar, er 4 mánaða frestur rennur út samkv. þeirri málsgrein, eftir atvikum.

Nú hverfur sóknaraðili frá kröfu sinni um, að dómur kveði um, að horfinn maður skuli talinn látinn, og skal þá veita dómsmálaráðuneyti kost á að halda áfram málinu.

14. gr. hljóðar svo:

Nú kemur í ljós eftir að dómur hefir gengið, er kveður svo á, að horfinn maður skuli talinn látinn, að maður þessi er á lífi. Getur hann þá næstu 5 ár eftir það tímamark, sem dómur miðar réttaráhrif dánarlíkna við, endurheimt eign sína frá þeim, sem fengið hefir hana að arfi.

Nú er leitt í ljós, að hinn horfni hefir látist á öðrum tíma en við er miðað í dóm-inum, og getur þá sá aðili, sem rétt hefði átt til arfs, ef raunverulegt dánardægur hefir verið lagt til grundvallar, krafist eignar úr hendi þess, sem fengið hefir eign í hendur sem arf, innan sömu tímamarka og þeirra, sem greinir í 1. málsgrein.